



Tegund eignar : Einbýlishús

Bæjarfélag / Hverfi : Ciudad Quesada

Izona : Costa Blanca Sur

Svefnherbergi : 3

Baðherbergi : 4

Byggingarár : 2023

Sundlaug : Já

Garður : Já

Eignin snýr : til suðurs

Útsýni : Yfir sundlaugarsvæði og garð

Bílastæði : Einkabílastæði á lóð

Fermetra stærð eignar :

150 m²

Stærð lóðar :

530 m²

Flugvöllur :

30 min

Strönd :

20 min

Borg :

5 min

Golf :

4 min

✓ Verönd

✓ Innbyggð loftkæling

Þetta glæsilega einbýlishús er staðsett á frábærum stað í bænum Ciudad Quesada, en frá húsinu eru aðeins 4 mínútur á La Marquesa golfvöllinn.

Húsið er 150m² að stærð með 3 svefnherbergjum, sem öll eru með sér baðherbergi, og einu gestabaðherbergi að auki. Rúmgott og bjart opið rými með eldhúsi, borðstofu og stofu en þaðan er hægt að ganga út á glæsilega verönd með stórum garði, sundlaug og sér bílastæði innan lóðar. Einnig býðst kaupendum til boða að fá þetta hús með kjallara. Ciudad Quesada er afar skemmtilegur og líflægur bær á Costa Blanca ströndinni sem hefur upp á allt að bjóða allan ársins hring, mikið úrval veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir allan aldurshóp s.s GoKart, vatnsleikjagarð, mini golf, keiluhöll og fleira og fleira, svo er örstutt á glæsilega golfvöllinn La Marquesa, 18 hlu golfvöll með allt til alls fyrir golfspilarann. Fyrir náttúruunnendur eru fjölmargar náttúruperlur allt í kring um bæinn og má þar meðal annars nefna Saltvötnin í Torrevieja og náttúruverndarsvæðið El Recorral þar sem vinsælt er að fara í lautarferð og fylgjast með iðandi fuglalífínu eða skella sér í göngutúr á þeim ótal gönguleiðum á svæðinu.

Innan við 10 mín akstur er svo að finna hina 11 kílómetra löngu gullnu strandlengju við Guardamar del Segura sem fengið hefur vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans, auk þess sem Torrevieja er stutt frá. Svo er einnig stutt í verslunarmiðstöðvarnar Habaneras og La Zenia og aðeins 35 mínútur frá flugvöllum í Alicante.

Endilega hafðu samband til að fá meiri upplýsingar um þessa glæsilegu eign!